um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 38 millj. króna af tekjum ríkissjóðs árið 1951 sem hér segir:

1.	Að lána Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði	15 millj. kr.
2.	Að lána byggingarsjóði verkamanna	4 — —
3.	Að lána sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, skv. III. kafla laga nr. 44/1946	4 — —
4.	Að lána til byggingar smáíbúða	4 — —
5.	Að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h.f. fyrir	3 — —
6.	Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir	5 — —
7.	Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar	2 — —
8.	Að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands	1 — —

Vextir af lánum, skv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hentara þykir, að lána úr mótvirðissjóði fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið 1. gr., enda sé þá varið jafnháum fjárhæðum af tekjum ríkissjóðs árið 1951 til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verulegur greiðsluafgangur mun verða hjá ríkissjóði árið 1951. Á þessu stigi er ekki hægt að segja nákvæmlega um það, hversu mikill þessi afgangur verður, en þess er vænzt, að hann verði ekki innan við 50 millj. króna. Þar sem fjárþörf til þeirra mála, sem um ræðir í 1. gr. þessa frumvarps er mjög brýn, hefur ríkisstjórnin talið rétt að fá heimild Alþingis til þess að verja 38 millj. króna af greiðsluafgangi ríkissjóðs svo sem þar greinir. Reyndar hefði ríkisstjórnin talið æskilegra að hægt hefði verið að verja til skuldagreiðslu eða hafa tiltæka stærri fjárhæð af greiðsluafgangi ársins en hægt verður að gera, þegar búið er að ráðstafa því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, einkum þar sem tvísýnt er um afkomuhorfur, en vegna þess hve þörfin er brýn fyrir framlög þau, sem í frumvarpinu eru greind, þykir ríkisstjórninni nauðsyn til bera að leggja fram það fé, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og leitar því heimildar Alþingis.